



Priðjudaginn 6. mars 2012 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 16.00 í bókasafni Húnavallaskóla.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Birgitta Halldórsdóttir, Sveinfríður Halldórsdóttir, Sonja Suska, Víðir Gíslason, Þórunn Ragnarsdóttir, Áslaug Finnsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Skýrsla skólastjóra
3. Skólaakstur
4. Dreifnám
5. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 16.05 og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Víðir Gíslason sem situr fundinn sem varamaður Jóhönnu Gunnlaugsdóttur.

2. Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri gerði grein fyrir bingói sem haldið var í skólanum um síðustu helgi. Framsagnarkeppni grunnskólanna í Húnaþingi verður haldin hér 15. mars.n.k. 22. mars verður íþróttadagur í skólunum í Húnavatnssýslum. Nemendur í 9 og 10 bekk fara í seinni hluta verknáms hjá FNV helgina 17 og 18 mars. Danskensla verður í síðustu vikunni fyrir páskafrí.

3. Skólaakstur

Fyrir fundinum liggja drög að samningi við skólabílstjóra í Vatnsdal, Þingi- og Blönduóssleið vegna skólaáranna 2012-2014. Formaður kynnti drögin. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við drögin.

4. Dreifnám.

Formaður kynnti hugmyndir að útfærslu á dreifnámi í A-Hún og daglegum akstri frá Blönduósi og Skagaströnd í FNV.

Farið var yfir fyrirkomulag kennslunnar sem færi fram í gegnum fjarfundarbúnað frá FNV. Nemendur mundu undirgangast sama námsmat og nemendur í FNV og skila sömu verkefnum. Gert er ráð fyrir að jöfnunarstyrkur nemenda færi til reksturs verkefnisins.

Farið var yfir hugsanlega kosti og galla dreifnámsins fyrir nemendur.

Ekki liggur fyrir hvaða kostnaður kæmi á sveitarfélögin vegna dreifnámsins þó má gera ráð fyrir að kostnaður vegna húsnæðis og umsjónamanns yrði greiddur af sveitarfélögunum.

Fræðslunefnd leggur til að vinnu við athugun á möguleika á dreifnámi verði haldið áfram.

Formaður kynnti hugmyndir að fyrirkomulagi daglegs áætlana aksturs milli þéttbýliskjarna í A-Hún og Sauðárkróks. Fræðslunefnd telur að fyrirkomulag áætlana akstur sé ekki valkostur fyrir nemendur úr Húnavatnshreppi.

5. Önnur mál.

Stefnt er að því að vinna drög að skólastefnu sveitarfélagsins fyrir miðjan maí n.k.

Aðalfundur foreldrafélags Húnavallaskóla verður haldinn 20. mars n.k.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 17.30